

Tillaga til þingsályktunar

um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Frá umhverfis- og auðlindaráðherra.

Alþingi ályktar, í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd eftirfarandi áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða. Áætlun þessi komi í stað áætlunar samkvæmt þingsályktun nr. 13/141, með síðari breytingu.

Samkvæmt áætluninni verði tryggt að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið verði tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Í áætluninni skal í samræmi við markmið laga nr. 48/2011 lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar.

VERNDAR- OG ORKUNÝTINGARÁÆTLUN

Alþingi ályktar að eftirfarandi virkjunarkostir sem falla undir lög nr. 48/2011 skuli flokkaðir í eftirfarandi flokka:

1. Orkunýtingarflokkur.

A. Vatnasvið

Landshluti	Vatnasvið	Virkjunarkostur	Nr.
Suðurland	Skrokkalda	Skrokkölduvirkjun	R3126A
Suðurland	Þjórsá	Holtavirkjun	R3130A
Suðurland	Þjórsá	Urriðafossvirkjun	R3131A
Suðurland	Þjórsá	Hvammsvirkjun	R3129A
Vestfirðir	Austurgil	Austurgilsvirkjun	R3157A
Vestfirðir	Ófeigsfjörður	Hvalárvirkjun	R3104B
Norðurland	Blanda	Veituleið Blönduvirkjunar	R3105A

B. Háhitasvæði

Landshluti	Háhitasvæði	Virkjunarkostur	Nr.
Reykjanesskagi	Hengilssvæði	Hverahlíð II	R3271B
Reykjanesskagi	Hengilssvæði	Þverárdalur	R3257A
Reykjanesskagi	Hengilssvæði	Meitillinn	R3269A
Reykjanesskagi	Reykjanessvæði	Stóra-Sandvík	R3262A
Reykjanesskagi	Svartsengissvæði	Eldvörp	R3263A

Reykjaneskagi	Krýsuvíkursvæði	Sandfell	R3264A
Reykjaneskagi	Krýsuvíkursvæði	Sveifluháls	R3266A
Reykjaneskagi	Krýsuvíkursvæði	Austurengjar	R3267A
Norðausturland	Námafellssvæði	Bjarnarflagsvirkjun	R3297A
Norðausturland	Kröflusvæði	Kröfluvirkjun	R3298A

C. Vindorka

Landshluti	Vindorkusvæði	Virkjunarkostur	Nr.
Norðurland	Blöndulundur	Blöndulundur	R3302A

2. Biðflokkur.

A. Vatnasvið

Landshluti	Vatnasvið	Virkjunarkostur	Nr.
Vesturland	Hvítá	Kljáfossvirkjun	R3101A
Vesturland	Hvítá	Hvítá við Norðurreyki	R3145A
Vesturland	Grímsá	Reyðarvatnsvirkjun	R3144A
Suðurland	Hólmsá	Hólmsárvirkjun	R3119A
Suðurland	Hólmsá	Hólmsárvirkjun við Atley	R3121A
Suðurland	Hagavatn	Hagavatnsvirkjun	R3139A
Suðurland	Stóra-Laxá	Stóra-Laxá	R3141A
Suðurland	Hverfisfljót	Hverfisfljótsvirkjun	R3115A
Suðurland	Hverfisfljót	Kaldbaksvirkjun	R3151A
Suðurland	Hvítá	Búðartunguvirkjun	R3134A
Suðurland	Hvítá	Haukholtavirkjun	R3135A
Suðurland	Hvítá	Vörðufell	R3136A
Suðurland	Hvítá	Hestvirkjun	R3137A
Suðurland	Ölfusá	Selfossvirkjun	R3138A
Suðurland	Biskupstungur	Brúarárvirkjun	R3153A
Suðurland	Núpsá o.fl.	Núpsárvirkjun	R3155A
Austurland	Þistilfjörður	Hafralónsá, efra þrep	R3146A
Austurland	Þistilfjörður	Hafralónsá, neðra þrep	R3147A
Austurland	Vopnafjörður	Hofsárvirkjun	R3148A
Austurland	Austurland	Hraunavirkjun – Fljótsdalur	R3149A
Austurland	Austurland	Hraunavirkjun – Berufjörður	R3150A
Norðurland	Blanda	Blöndudalsvirkjun	R3154A
Norðurland	Vatnsdalsá	Vatnsdalsá	R3142A

B. Háhitasvæði

Landshluti	Háhitasvæði	Virkjunarkostur	Nr.
Reykjaneskagi	Krýsuvíkursvæði	Trölladyngja	R3265A
Reykjaneskagi	Hengilssvæði	Innstidalur	R3273A
Suðurland	Hágöngur	Hágönguvirkjun	R3291A
Suðurland	Grímsnes	Seyðishólar	R3205A
Suðurland	Biskupstungur	Sandfell	R3206A
Suðurland	Hrunamannahreppur	Reykjaból	R3207A
Suðurland	Tungnaárvæði	Sköflungur	R3208A

Suðurland	Torfajökulssvæði	Botnafjöll	R3210A
Suðurland	Torfajökulssvæði	Grashagi	R3211A
Suðurland	Torfajökulssvæði	Sandfell	R3212A
Suðurland	Kjölur	Hveravellir	R3283A
Norðausturland	Fremrinámar	Fremrinámar	R3296A
Norðausturland	Öxarfjörður	Bakkahlaup	R3209A
Norðausturland	Ódáðahraun	Hrúthálsar	R3295A

C. Vindorka

Landshluti	Vindorkusvæði	Virkjunarkostur	Nr.
Suðurland	Búrfellslundur	Búrfellslundur	R3301A

3. Verndarflokkur.

A. Vatnasvið

Landshluti	Vatnasvið	Virkjunarkostur	Nr.
Norðurland	Héraðsvötn	Skatastaðavirkjun C	R3107C
Norðurland	Héraðsvötn	Skatastaðavirkjun D	R3107D
Norðurland	Héraðsvötn	Villinganesvirkjun	R3108A
Norðurland	Héraðsvötn	Blanda, Vestari-Jökulsá	R3143A
Norðurland	Skjálfandafljót	Fljótshnúksvirkjun	R3109A
Norðurland	Skjálfandafljót	Hrafnabjargavirkjun A	R3110A
Norðurland	Skjálfandafljót	Hrafnabjargavirkjun B	R3110B
Norðurland	Skjálfandafljót	Hrafnabjargavirkjun C	R3110C
Suðurland	Skaftá	Búlandsvirkjun	R3140A
Suðurland	Þjórsá – vestur	Kjalölduveita	R3156A
Suðurland	Djúpá	Djúpárvirkjun	R3114A
Suðurland	Hólmsá	Hólmsárlón	R3120A
Suðurland	Markarfljót	Markarfljótsvirkjun A	R3122A
Suðurland	Markarfljót	Markarfljótsvirkjun B	R3123B
Suðurland	Tungnaá	Tungnaárlón	R3124B
Suðurland	Þjórsá – vestur	Norðlingaölduveita	R3127B
Suðurland	Jökulfall, Kjölur	Gýgjarfossvirkjun	R3132A
Suðurland	Hvítá	Bláfellsvirkjun	R3133A

B. Háhitasvæði

Landshluti	Háhitasvæði	Virkjunarkostur	Nr.
Norðausturland	Gjástykkissvæði	Gjástykki	R3200B
Reykjanesskagi	Brennisteinsfjöll	Brennisteinsfjöll	R3268A
Reykjanesskagi	Hengilssvæði	Bitra	R3274A
Reykjanesskagi	Hengilssvæði	Grændalur	R3277A
Suðurland	Kerlingarfjöll	Hverabotn	R3279A
Suðurland	Kerlingarfjöll	Neðri-Hveradalir	R3280A
Suðurland	Kerlingarfjöll	Kisubotnar	R3281A
Suðurland	Kerlingarfjöll	Þverfell	R3282A

Greinargerð.

1. Almenn.

Tillaga þessi um verndar- og orkunýtingaráætlun er samhljóða tillögu sem var flutt á síðasta þingi en varð ekki afgreidd (853. mál 145. löggjafarþings). Að mati umhverfis- og auðlindaráðherra er mikilvægt að Alþingi fjalli efnislega um tillögur verkefnisstjórnar og því hefur ráðherra ákveðið, í samráði við ráðherra orkumála, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 48/2011, að tillögur verkefnisstjórnar verði lagðar aftur fyrir þingið í sömu mynd.

Samkvæmt 3. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, skal eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Í verndar- og orkunýtingaráætlun skal í samræmi við markmið laga nr. 48/2011 lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar.

Verndar- og orkunýtingaráætlun tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn hefur fjallað um og hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira, eða uppsett varmaafli 50 MW eða meira. Hún tekur þó ekki til stækkunar á virkjun nema stækkunin feli í sér matsskyldar framkvæmdir samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Verndar- og orkunýtingaráætlun tekur ekki til landsvæða sem njóta friðlýsingar í samræmi við lög um náttúruvernd nema tiltekið sé í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði.

Þann 14. janúar 2013 var gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun samþykkt á Alþingi og tóku þá gildi lög nr. 48/2011, að frátöldum 1.–3. gr. sem tóku gildi 20. maí 2011. Þann 25. mars 2013 sama ár skipaði þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra verkefnisstjórn áætlunarinnar í samræmi við 8. gr. laga nr. 48/2011 og hófst þá 3. áfangi verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlunar).

Þann 21. mars 2014 skilaði verkefnisstjórn tillögum til ráðherra um flokkun þriggja virkjunarkosta, en í viðauka við erindisbréf hennar var þeim tilmælum beint til verkefnisstjórnar að forgangsraða vinnu sinni þannig að hún mundi framkvæma eins fljótt og auðið væri faglegt mat á þeim sex virkjunarkostum sem færðir voru úr nýtingarflokki í biðflokk eftir umsagnarferli 2. áfanga rammaáætlunar og þeim tveimur kostum sem ekki fengu fullnægjandi mat í meðförum verkefnisstjórnar 2. áfanga.

Tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141, var samþykkt á Alþingi 1. júlí 2015. Með samþykkt tillögunnar var virkjunarkosturinn Hvammsvirkjun færður úr biðflokki í orkunýtingarflokk í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar.

2. Vinna verkefnisstjórnar og faghópa 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar.*2.1. Virkjunarkostir til umfjöllunar hjá verkefnisstjórn og faghópum.*

Samhliða umfjöllun um þá kosti sem voru í forgangsröðun samkvæmt viðauka við erindisbréf verkefnisstjórnar vann verkefnisstjórn að hefðbundinni umfjöllun um aðra virkjunarkosti sem sendir höfðu verið inn til umfjöllunar í 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar. Skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 48/2011 er það verkefni Orkustofnunar að auglýsa eftir umsóknum um umfjöllun virkjunarkosta og var það gert af hálfu stofnunarinnar 1. október 2013. Frestur til að skila inn umsóknum var framlengdur með auglýsingu þann 16. október 2013. Hinn 10. mars 2014 lagði Orkustofnun fram fyrstu drög að lista yfir virkjunarkosti til umfjöllunar.

Þann 5. júní 2014 tók gildi reglugerð um virkjunarkosti í verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 530/2014, en í reglugerðinni er kveðið á um hvaða gögn skuli fylgja umsóknum um umfjöllun um virkjunarkosti. Orkustofnun ber, samkvæmt lögum nr. 48/2011, að ganga úr skugga um að

gögn sem orkufyrirtækin skila inn um virkjunarkosti vegna umfjöllunar í verndar- og orkunýtingaráætlun, séu rétt og fullnægjandi. Í bréfi til orkufyrirtækja, dagsettu 14. nóvember 2014, kallaði Orkustofnun eftir gögnum í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar og veitti frest til ársloka til afhendingar umbeðinna gagna.

Þann 20. janúar 2015 birti Orkustofnun lista á vefsíðu sinni yfir kosti til umfjöllunar í 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar. Voru gögn fyrir 50 fyrstu virkjunarkostina afhent verkefnisstjórn á fundi þann 21. janúar 2015. Tveir þessara kosta voru síðar dregnir til baka af Orkustofnun. Þann 20. febrúar 2015 lagði stofnunin fram skilgreiningar á 33 nýjum virkjunarkostum og lágu þá fyrir gögn vegna 81 virkjunarkosts.

Virkjunarkostir í vindorku komu í fyrsta sinn til umfjöllunar í 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar. Landsvirkjun afhenti Orkustofnun skilgreiningar á tveimur slíkum, Búrfellslundi og Blöndulundi, í mars 2015, og voru þeir sendir til verkefnisstjórnar með erindi frá stofnuninni þann 12. mars 2015.

Í frétt á vef verndar- og orkunýtingaráætlunar, www.ramma.is, frá 11. mars 2015 er gerð grein fyrir ákvörðun verkefnisstjórnar um hvernig skuli meðhöndla þá virkjunarkosti, 81 talsins, sem Orkustofnun hafði á þeim tímapunkti afhent verkefnisstjórninni. Verkefnisstjórn ákvað að vísa 24 virkjunarkostum til faglegrar umfjöllunar hjá faghópum. Ákveðið var að breyta ekki flokkun 23 virkjunarkosta sem flokkaðir voru í orkunýtingar- og verndarflokk í 2. áfanga, enda var metið að forsendur hefðu ekki breyst umtalsvert frá 2. áfanga áætlunarinnar. Faghópar 1 og 2 voru beðnir um álit á því hvort forsendur fimm virkjunarkosta hefðu breyst að því marki að skoða þyrfti hvort þá bæri að meta að nýju. Varð það niðurstaða faghópanna að ekki væri um verulegar forsendubreytingar að ræða og því var flokkun umræddra virkjunarkosta úr 2. áfanga rammaáætlunar látin halda sér. Eftir stóðu 29 virkjunarkostir sem verkefnisstjórn tók ekki afstöðu til á þessum tíma.

Þann 17. mars 2015 var faghópum falið að fjalla um vindorkukostina tvo sem Landsvirkjun sendi til umfjöllunar, þ.e. Búrfellslund og Blöndulund. Eins og áður hefur komið fram samþykkti Alþingi 1. júlí 2015 ályktun þess efnis að Hvammsvirkjun yrði flutt í orkunýtingarflokk. Hún var því ekki lengur í faglegrri umfjöllun hjá faghópum.

Í erindi Orku náttúrunnar til Orkustofnunar, dagsettu 10. nóvember 2015, benti fyrirtækið á ýmsa vankanta á orðanotkun og skilgreiningum hugtaka í tengslum við ákveðna virkjunarkosti sem félagið hefur verið með til skoðunar. Orkuveita Reykjavíkur og Orka náttúrunnar uppfærðu í ljósi þessa afmarkanir svæða fyrir orkukostinn R3269B Meitillinn, auk þess að leggja til nýja tilhögun fyrir virkjunarkostinn R3271B Hverahlíð II í stað R3271A Hverahlíð. Nýtingarleyfi fyrir orkukostina R3270A Gráuhnúkar og R3271A Hverahlíð, sem flokkaðir voru í orkunýtingarflokk í 2. áfanga rammaáætlunar, var gefið út af Orkustofnun þann 2. nóvember 2015. Þar með féllu út virkjunarkostirnir R3270A Gráuhnúkar og R3271A Hverahlíð.

Í endanlegum tillögum verkefnisstjórnar til umhverfis- og auðlindaráðherra, sem afhentar voru 26. ágúst 2016, var því lögð fram tillaga um flokkun alls 82 virkjunarkosta. Tillögur verkefnisstjórnar eru einróma ef frá er talinn virkjunarkosturinn Hólmsárvirkjun við Atley. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og annar fulltrúi ráðherra orkumála í verkefnisstjórn skiluðu séráliti um flokkun á þeim virkjunarkosti, sem er að finna í kafla 9.6.1 í lokaskýrslu verkefnisstjórnar. Í sérálitinu er lagt til að virkjunarkosturinn verði færður í orkunýtingarflokk þar sem ekki verði annað séð en að umhverfisáhrif þeirrar virkjunar og áhrifasvæði hennar yrðu fremur lítil í samanburði við aðra virkjunarkosti sem verkefnisstjórn 3. áfanga hefur fjallað um.

2.2. Störf faghópa í 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar.

Faghópar 1 og 2 voru skipaðir 16. apríl 2014 og tóku til starfa í maí 2014. Þar sem ekki lá fyrir hvaða virkjunarkostir yrðu teknir til umfjöllunar fyrr en tæpu ári síðar notuðu faghóparnir tímann til að ræða aðferðafræði og gera úttekt á stöðu þekkingar og því hvaða rannsóknir skorti helst á þeim svæðum sem miklar líkur væru á að yrðu til skoðunar. Í mars 2015 lá fyrir hvaða virkjunarkostir færu í faglega umfjöllun hjá faghópunum og hófst þá umfangsmikil vinna við að skilgreina rannsóknaverkefni. Sumarið 2015 nýttist faghópunum í vettvangsrannsóknir og útivinnu. Lauk gagnaúrvinnslu og skýrsluskrifum að mestu leyti snemma árs 2016 og nýttust niðurstöðurnar þannig verkefnisstjórn að fullu. Skýrslur úr þessum rannsóknum eru birtar á vef-síðu verndar- og orkunýtingaráætlunar.

Faghópur 3 var skipaður 9. júlí 2015 og tók til starfa í ágúst 2015. Í 2. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar leitaðist faghópur 3 við að meta möguleika einstakra virkjunarhugmynda til að valda breytingum, annars vegar á félagsgerð og hins vegar á efnahagsgerð samfélagsins, bæði staðbundið og á landsvísu. Niðurstöður faghópsins nýttust lítið sem ekkert við endanlega röðun og flokkun virkjunarhugmynda og því ákvað verkefnisstjórn 3. áfanga að leita leiða til að nálgast samfélagsleg áhrif virkjunarhugmynda með öðrum hætti. Hópur sérfræðinga vann minnisblað með fyrstu tillögum að slíkri aðferðafræði og í framhaldi af því var faghópur 3 skipaður, til að „meta virkjunarkosti og landsvæði með tilliti til áhrifa þeirra á samfélagið, svo sem áhrifa á félagslega velferð íbúa, samfélagslega fjölbreytni, samskipti, samstöðu, virkni og aðra þá þætti sem hópurinn telur æskilegt og mögulegt að leggja mat á“, eins og það er orðað í skipunarbréfi hópsins. Meðal nýmæla í starfi faghóps 3 voru íbúafundir með íbúum á svæðum þar sem virkjunarkosti er að finna.

Hinn 12. október 2015 skipaði verkefnisstjórn faghóp 4 til að fjalla um virkjunarkosti og landsvæði með tilliti til hagrænna þátta, einkum út frá áhrifum einstakra virkjunarkosta eða hópa virkjunarkosta á þjóðarhag.

Faghópar 1 og 2 skilðu niðurstöðum sínum – faglegu mati á verðmæti landsvæða og áhrifum virkjunarkosta á þessi verðmæti, auk röðunar á virkjunarkostum út frá heildarverðmæti svæða og áhrifa virkjunarkosta – til verkefnisstjórnar þann 17. febrúar 2016. Á sama tíma lágu fyrir niðurstöður úr langflestum rannsóknum sem unnar voru á vegum faghópanna.

Faghópur 3 skilaði niðurstöðum af íbúafundum og úr skoðanakönnun meðal landsmanna. Aðferðafræði þess hóps leyfði hins vegar ekki röðun virkjunarkosta.

Faghópur 4 komst að þeirri niðurstöðu að ekki séu forsendur til að meta þjóðhagslega hagkvæmni þeirra virkjanakosta sem til umfjöllunar eru í 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar. Því var ekki um aðrar niðurstöður að ræða frá þeim faghópi. Um aðferðafræði og niðurstöður faghópa 3 og 4 vísast til 6.–7. kafla í lokaskýrslu verkefnisstjórnar. Nánar er gerð grein fyrir störfum, aðferðafræði og niðurstöðum faghópanna fjögurra í 4.–7. kafla skýrslunnar.

2.3. Tillögur verkefnisstjórnar og samráð.

Verkefnisstjórn kynnti fyrstu drög sín að tillögu um flokkun virkjunarkosta á opnum kynningarfundum á tímabilinu 31. mars til 13. apríl 2016. Fundirnir voru haldnir á eftirtöldum stöðum:

1. Reykjavík, Kaldalón í Hörpu, fimmtudag 31. mars 2016 kl. 14–16.
2. Grindavík, Gjáin, miðvikudag 6. apríl 2016 kl. 20–22.
3. Kirkjubæjarklaustur, félagsheimilið Kirkjuhvoll, fimmtudag 7. apríl 2016 kl. 16.30–18.30.
4. Selfoss, Hótel Selfoss, fimmtudag 7. apríl 2016 kl. 20.30–22.30.
5. Stórutjarnir, Stórutjarnaskóli, mánudag 11. apríl 2016 kl. 20–22.

6. Akureyri, Hamrar í Hofi, þriðjudag 12. apríl 2016 kl. 12–14.
7. Varmahlíð, Miðgarður, þriðjudag 12. apríl kl. 20–22.
8. Nauteyri við Ísafjarðardjúp, Steinshús, miðvikudag 13. apríl 2016 kl. 20–22.

2.4. Fyrri samráðsferlið.

Með kynningarfundinum 31. mars hófst þriggja vikna kynningar- og samráðsferli í samræmi við 2. másl. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 84/2011. Þetta samráðsferli, sem nefnt hefur verið „fyrri samráðsferlið“, stóð til 20. apríl 2016, en þeim sem þess óskuðu var veittur framlengdur umsagnarfræstur til 22. apríl. Meðan á ferlinu stóð var öllum frjálst að senda verkefnisstjórn skriflegar athugasemdir um framkomin drög og var sérstakur umsagnarvefur opnaður á vefsíðu verndar- og orkunýtingaráætlunar til að auðvelda innsendingu athugasemda. Þar var einnig að finna helstu kynningargögn vegna samráðsferlisins, auk þess sem vakin var athygli á að einnig yrði unnt að senda inn umsagnir vegna tillagna verkefnisstjórnar að flokkun virkjunarkosta í 12 vikna samráðsferli sem hæfist 11. maí 2016 og fylgdi ákvæðum síðari hluta 3. mgr. 10. gr. laga nr. 84/2011. Alls bárust 18 umsagnir frá 15 aðilum. Umfjöllun um fyrri samráðsferlið og svör verkefnisstjórnar er að finna í kafla 9.4 í lokaskýrslu verkefnisstjórnar.

2.5. Síðara samráðsferlið.

Hinn 11. maí 2016 birti verkefnisstjórn tillögu sína að verndar- og orkunýtingaráætlun á vefsíðu áætlunarinnar og auglýsti hana í samræmi við ákvæði 3.–4. másl. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 48/2011. Þar með hófst 12 vikna samráðsferli, í daglegu tali nefnt „síðara samráðsferlið“, sem stóð til 3. ágúst 2016. Á þeim tíma gafst öllum kostur á að koma á framfæri athugasemdum við tillöguna á sérstökum umsagnarvef á vefsíðunni. Þar var einnig að finna helstu kynningargögn vegna samráðsferlisins.

Þrír aðilar óskuðu eftir lengri fresti til að skila athugasemdum. Við þessu var orðið að teknu tilliti til aðstæðna sem tilgreindar voru í beiðnunum. Alls bárust 69 umsagnir frá 44 aðilum í seinna umsagnarferlinu. Frá þessum umsögnum er greint og þeim svarað í kafla 9.5 í lokaskýrslu verkefnisstjórnar.

2.6. Skoðun ráðherra á tillögum verkefnisstjórnar.

Eftir skoðun á tillögum verkefnisstjórnar til ráðherra tók umhverfis- og auðlindaráðherra, í samráði við ráðherra orkumála, þá ákvörðun að leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um nýja verndar- og orkunýtingaráætlun þar sem tillögur verkefnisstjórnar um flokkun virkjunarkosta yrðu óbreyttar. Samkvæmt skýrslu verkefnisstjórnar fór umhverfismat verndar- og orkunýtingaráætlunar fram samhliða gerð áætlunarinnar, en skv. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 48/2011 skulu tillögur verkefnisstjórnar fara í umhverfismat í samræmi við lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana. Þá hefur umhverfis- og auðlindaráðherra átt reglubundna upplýsingafundi með formanni verkefnisstjórnar þar sem sá síðarnefndi hefur upplýst ráðherra um stöðu mála við vinnu við 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar. Ráðherra hefur því verið upplýstur með reglubundnum hætti um verklag og málsmeðferð verkefnisstjórnar.

Rökstuðning fyrir flokkun hvers virkjunarkosts er að finna í 3. kafla hér að aftan en að öðru leyti vísast í lokaskýrslu verkefnisstjórnar vegna umfjöllunar um aðferðafræði, verklag og málsmeðferð. Í skýrslu verkefnisstjórnar er að auki að finna svör við þeim umsögnum og athugasemdum sem henni bárust í lögbundnu samráðs- og kynningarferli og er að finna í kafla 9.5 í lokaskýrslu verkefnisstjórnar.

2.7. Skipan verkefnisstjórnar.

Í 8. gr. laga nr. 48/2011 segir að ráðherra skipi sex manna verkefnisstjórn til fjögurra ára í senn sem er ráðherra til ráðgjafar við undirbúning að gerð tillagna fyrir verndar- og orkunýtingaráætlun. Tveir stjórnarmenn eru tilnefndir af þeim ráðherra er fer með orkumál, einn af þeim ráðherra er fer með málefni menningarminja, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra skipaður formaður stjórnarinnar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Í núverandi verkefnisstjórn 3. áfanga sitja þessir:

Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur, formaður verkefnisstjórnar, skipaður án tilnefningar.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor, skipuð án tilnefningar.

Helga Barðadóttir, sérfræðingur, tilnefnd af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður, tilnefndur af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Hildur Jónsdóttir, sérfræðingur, tilnefnd af forsætisráðuneyti.

Elín R. Línadal, sveitarstjórnarfulltrúi, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varamenn eru þessir:

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, varamaður formanns, skipuð án tilnefningar.

Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, skipaður án tilnefningar.

Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri, tilnefndur af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Sigrún Helgadóttir, líffræðingur, tilnefnd af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands, tilnefndur af forsætisráðuneyti.

Guðjón Bragason, sviðsstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Starfsmaður verkefnisstjórnarinnar er Herdís Helga Schopka, sérfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

2.8. Skipan faghópa.

Í 2. másl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 48/2011 segir að verkefnisstjórn skuli skipa faghópa með sérfræðingum á viðeigandi sviðum sem fari yfir virkjunaráform hver frá sínum sjónarhóli, meti þá með stigagjöf og geri tillögur til verkefnisstjórnar. Fjöldi faghópa og skipan þeirra er ákveðin af verkefnisstjórn.

Í faghópum vegna 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar sitja þessir:

Faghópur 1:

Skúli Skúlason, prófessor, Háskólanum á Hólum, formaður.

Ása Lovísa Aradóttir, prófessor, Landbúnaðarháskóla Íslands.

Birna Lárusdóttir, fornleifafræðingur, Fornleifastofnun Íslands.

Gísli Már Gíslason, prófessor, Háskóla Íslands.

Kristján Jónasson, sviðsstjóri, Náttúrufræðistofnun Íslands.

Sólborg Una Pálsdóttir, verkefnastjóri, Minjastofnun Íslands.

Sólveig Pétursdóttir, verkefnastjóri, Matís.

Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi.

Þorvaldur Þórðarson, prófessor, Háskóla Íslands.

Þorvarður Árnason, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði.

Faghópur 2:

Anna Dóra Sæþórsdóttir, prófessor, Háskóla Íslands, formaður.

Anna G. Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri AGMOS ehf.

Áki Karlsson, þjóðfræðingur, Landsbókasafni Íslands.

Einar Torfi Finnsson, landmótunarfræðingur, Íslenskum fjallaleiðsögumönnum ehf.

Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri, Veidimálastofnun.

Jóhannes Sveinbjörnsson, dósent, Landbúnaðarháskóla Íslands (sagði sig frá starfinu í nóvember 2014 sökum anna).

Sigrún Valbergsdóttir, fararstjóri og leiðsögumaður.

Sigrúður Stella Jóhannsdóttir, líffræðingur, Náttúrustofu Norðausturlands.

Sveinn Runólfsson, fyrrv. landgræðslustjóri, Landgræðslu ríkisins.

Sveinn Sigurmundsson, ráðunautur, Búnaðarsambandi Suðurlands (skipaður í nóvember 2015 til að taka við af Jóhannesi Sveinbjörnssyni).

Faghópur 3:

Jón Ásgeir Kalmannsson, heimspekingur, formaður.

Ásgeir Brynjar Torfason, hagfræðingur, lektor Viðskiptafræðideild HÍ.

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sálfræðingur, sviðsstjóri Embætti landlæknis.

Magnfríður Júlíusdóttir, landfræðingur, lektor Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ.

Páll Jakob Línadal, umhverfissálfræðingur.

Faghópur 4:

Dr. Daði Már Kristófersson, hagfræðingur, forseti Félagsvísindasviðs HÍ, formaður.

Dr. Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræðum, HÍ.

Dr. Sigurður Jóhannesson, sérfræðingur í alþjóðahagfræði, HÍ.

3. Rökstuðningur fyrir flokkun sérhvers virkjunarkosts.

Í eftirfarandi lista kemur fram stuttur rökstuðningur fyrir flokkun hvers og eins þeirra virkjunarkosta sem flokkaðir hafa verið í samræmi við 1. og 3. gr. laga nr. 48/2011. Ítarlegri rökstuðningur er að finna í meðfylgjandi skýrslu verkefnisstjórnar (fylgiskjal).

1. Orkunýtingarflokkur.*A. Vatnasvið*

Landshluti	Vatnasvið	Virkjunarkostur	Nr.
------------	-----------	-----------------	-----

Ný afgreiðsla:

Suðurland	Skrokkalda	Skrokkölduvirkjun	R3126A
-----------	------------	-------------------	--------

Rökstuðningur: Virkjunin er á miðhálandinu en þar sem nú þegar er búið að gera miðlanarlón (Hágöngulón), stíflur og tilraunaborholur er ekki lengur um óraskað svæði að ræða. Mannvirki virkjunarinnar verða að mestu neðanjarðar og því lítt sýnileg, að frátöldu hlaðhúsi, spennu og 1 km löngum skurði vestan við núverandi Sprengisandsleið. Ekki er gert ráð fyrir umfangsmikilli vegagerð vegna framkvæmdarinnar og auðvelt ætti að vera að afmá að mestu sýnilegt rask að framkvæmd lokinni. Í greinargerð virkjunaraðila kemur fram að raforka verði flutt með jarðstreng og því ætti þar ekki að vera um að ræða sýnileg áhrif vegna raforkuflutnings.

Suðurland Þjórsá Holtavirkjun R3130A

Rökstuðningur: Óvissu um virkni seiðafleytna og um áhrif vatnsmagns- og rennslisbreytinga á gönguleiðir, hrygningarstöðvar og uppeldisstöðvar laxfiska verður ekki eytt á því stjórn-sýslustigi sem verkefnisstjórnin starfar á, eðlilegt að um hana sé fjallað í mati á umhverfis-áhrifum framkvæmdarinnar og við leyfisveitingar.

Suðurland Þjórsá Urriðafossvirkjun R3131A

Rökstuðningur: Óvissu um virkni seiðafleytna og um áhrif vatnsmagns- og rennslisbreytinga á gönguleiðir, hrygningarstöðvar og uppeldisstöðvar laxfiska verður ekki eytt á því stjórn-sýslustigi sem verkefnisstjórnin starfar á. Eðlilegt er að um hana sé fjallað í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og við leyfisveitingar.

Vestfirðir Austurgil Austurgilsvirkjun R3157A

Rökstuðningur: Virkjunarkosturinn er inni á svæði sem er óbyggt víðerni samkvæmt laga-legri skilgreiningu, en samkvæmt niðurstöðum faghóps 2 hefði virkjun á svæðinu lítil áhrif á ferðamennsku, beit og veiði. Í ljósi framkominna gagna um gróðurfar, jarðfræði, fuglalíf, vatnalíf og menningarminjar á svæðinu er lagt til að virkjunarkosturinn verði í orkunýtingarflokki.

Óbreytt frá afgreiðslu Alþingis 1. júlí 2015:

Suðurland Þjórsá Hvammsvirkjun R3129A

Rökstuðningur: Vísað er til tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141 sem samþykkt var á Alþingi 1. júlí 2015 þar sem virkjunarkosturinn var færður úr biðflokki yfir í orkunýtingarflokk.

Óbreytt frá afgreiðslu Alþingis 14. janúar 2013:

Vestfirðir Ófeigsfjörður Hvalárvirkjun R3104B

Rökstuðningur: Engar eða óverulegar breytingar frá verndar- og orkunýtingaráætlun sem samþykkt var 14. janúar 2013.

Norðurland Blanda Veituleið Blönduvirkjunar R3105A

Rökstuðningur: Engar eða óverulegar breytingar frá verndar- og orkunýtingaráætlun sem samþykkt var 14. janúar 2013.

B. Háhitasvæði

Landshluti	Háhitasvæði	Virkjunarkostur	Nr.
------------	-------------	-----------------	-----

Ný afgreiðsla:

Reykjanesskagi Krýsuvíkursvæði Austurengjar R3267A

Rökstuðningur: Fremur lágar einkunnir faghópa 1 og 2. Verði virkjunarkosturinn nýttur er að mati faghóps 2 líklegt að verðmæti svæðisins í kringum Trölladyngju muni aukast,

